



## **235. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 10. nóvember 2014 kl. 10.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1. Stjórn SOS skiptir með sér verkum.**

Stjórn skipti með sér verkum, Aldís Hafsteinsdóttir er varaformaður stjórnar og Ásta Stefánsdóttir ritari, tók hún við fundarritun og skráði fundargerð í tölvu.

### **2. Vinna SASS fyrir SOS.**

Þorvarður Hjaltason og Sólveig Ragnarsdóttir komu inn á fundinn. Farið var yfir það verklag sem hefur verið viðhaft, s.s. við reikningagerð til sveitarfélaganna, afstemmingu innvigtunarseðla o.fl. Eftir er að vinna samantekt um grænt bókhald fyrir árið 2013 og hálf árið 2014 eða þar til starfsleyfi var skilað inn á miðju ári. Samningur milli SASS og SOS um skrifstofuþjónustu gildir til ársloka. Í fjárhagsáætlunum beggja aðila fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi. Formanni falið að ganga frá framlengingu á samningi til eins árs.

### **3. Viðræður við Sorpu.**

Farið var yfir stöðu mála. Formanni falið að fá fund með stjórn Sorpu.

### **4. Styrkir vegna kynningarmála í aðildarsveitarfélögunum.**

SASS er falið að greiða út til sveitarfélaganna hagnað ársins 2013, eftir eignarhlut, alls 11,3 mkr. í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2014.

### **5. Kirkjuferjahjáleiga: Niðurstaða sigvatnsmælinga 2013.**

Lagðar voru fram niðurstöður sigvatnsmælinga.

### **6. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins**

Lagt var fram álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2014 um framkvæmd sveitarfélaga við innleiðingu á endurvinnslutunnum fyrir pappír og pappa.

### **7. Önnur mál**

Samningur við Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs rennur út í lok ársins. Stjón óskar eftir framlengingu á samningnum.

Kjötmjöl – Guðmundur Tryggvi Ólafsson hefur verið fulltrúi SOS í stjórn Kjötmjöls, ákveðið að hafa það fyrirkomulag óbreytt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.